

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð
starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við löginn bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka í tölu sjóðsfélaga starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

31. maí 1989

Nr. 62

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 111. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð. Telji innheimtumaður tók á að tryggja greiðslu á kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra ítarlega skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga af þessu tagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.